

Sb.

420. Tillaga til þingsályktunar

[213. mál]

um orlof og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði.

Flm.: Pálmi Jónsson, Steinþór Gestsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að semja frumvarp til laga um orlof sveitafólks og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði.

Nefndin skal skipuð í samráði við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands. Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Hinar ýmsu stéttir þjóðfélagsins hafa á undanförnum árum lagt á það síaukna áherzlu að öðlast margháttuð félagsleg réttindi. Jafnhliða því, sem velmegun hefur aukizt, hefur verið keppt að því, að hið svokallaða brauðstrit tæki sem skemmstan tíma, svo að unnt væri að sinna öðrum hugðarefnum í æ ríkari mæli. Líklegt má telja, að þessa viðhorfs gæti ekki síður í framtíðinni en hingað til. Fulla nauðsyn ber til að varast það, að einstök ákveðin stétt verði áberandi afskipt í þeirri þróun, sem fer vaxandi í þessum efnunum. Af því hlýtur óhjákvæmilega að leiða þá hættu, að þar verði ekki um eðlilega endurnýjun að ræða; ungt fólk mun í vaxandi mæli varast að velja sér starfsvettvang, sem ekki býður upp á sambærileg félagsleg réttindi við það, sem gerist meðal annarra stétta þjóðfélagsins.

Lög þau, er Alþingi afgreiddi í desember s. l. um lengingu orlofs og styttingu vinnuvikunnar, hafa mjög aukið þörfina á því að hefja þegar undirbúning löggjafar um orlof sveitafólks. Ljóst er, að ósamræmið er orðið hrópandi á þessu sviði milli bændastéttarinnar og ýmissa annarra stétta, ekki sízt þeirra, sem hér er ekki lagt til að taka til neinnar sérstakrar athugunar. Nauðsynlegt er þó að vekja athygli á því, að hin mikla framleiðniaukning síðustu ára í landbúnaði hefur krafist um vaxandi starfsgetu, jafnhliða því sem aðkeypt vinnuafll fer mjög þverrandi. Meðal annars þess vegna er þörfin brýnni en ella fyrir sveitafólk að njóta jafnréttis við aðra þjóðfélagsborgara hvað orlof snertir.

Rétt er og að vekja athygli á því, að sú lenging orlofsins í 24 virka daga, sem tók gildi um síðustu áramót, var ekki tekin til meðferðar í sambandi við ákvörðun þess verðs á búvörum, sem tók gildi hinn 1. marz s. l. Landbúnaðurinn á því inni hjá þjóðfélagsinu af þessum sökum.

Það er öllum kunnugt, að búrekstur hefur mjög færzt í það horf, að vandkvæði eru á því fyrir bændur að dvelja fjarri búum sínum, jafnvel þótt aðeins sé um fáa daga að ræða. Af þessu er ljóst, að stefna ber að því að skipuleggja vinnuafll, sem getur leyft bændur og annað sveitafólk af hólmi, meðan það tekur sér orlof. Um leið og löggjöf um orlof sveitafólks er undirbúin, er nauðsynlegt að gefa gaum að þessum þætti málsins, sem í tillögunni er nefndur þjónusta staðgöngumanna.

Ljóst er, að löggjöf sú, sem hér er lagt til að undirbúin verði, mundi hafa í för með sér fjármagnsþörf. Hér eru ekki lagðar fram áætlanir um, hve sú þörf er mikil eða hvernig henni skuli mætt. Hinn 7. júní s. l. afgreiddi norska Stórþingið lög um orlof sveitafólks, sem er eina löggjöfin um þetta efni á Norðurlöndum. Þar hafa einnig verið settar reglur um þjónustu staðgengla í landbúnaði. Í hinum norsku lögum er fjár aflað til orlofsgreiðslnanna með þeim hætti, að árlega eru veittar til þeirra á fjárlögum 80 millj. norskra króna. Sumt af því fé er að vísu tekið af fjármagni, sem áður rann til landbúnaðarins á annan hátt. Sjálfsagt er að kanna rækilega hin ýmsu ákvæði, sem felast í norska kerfinu, og meta, hvernig það muni henta íslenskum aðstæðum.

Flm. gera sér ljóst, að hér er um allflókið mál að ræða, sem ætla má að nokkurn tíma taki að undirbúa, svo að lögfest verði. Því fremur er ástæða til að hefja þegar það undirbúningsstarf. Við leggjum áherzlu á aðild bændasamtakanna að þessu starfi, bæði vegna þess, að þar hafa þegar farið fram nokkrar umræður um einstaka þætti þessa máls, og einnig vegna þess, að hér er um að ræða sérstakt og þýðingarmikið hagsmunamál landbúnaðarins.